

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *45.fundur.*

að Hlíðavegi 6, MIÐVIKUDAGINN 14. nóv. 2012, kl. 14:00.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Forsendur fjárhagsáætlunar 2013.
3. Fjárhagsáætlun 2013, fyrri umræða.
4. Þriggja ára fjárhagsáætlun, fyrri umræða.
5. Fulltrúi á hluthafafund Sorpsamlags Þingeyinga 19. nóv.
6. Erindi frá Byggðastofnun þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið falli frá forkaupsrétti á hlut í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.
7. Erindi frá nefndasviði Alþingis, ósk um umsögn um frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs (hlutverk Reykjavíkurflugvallar) 120. mál.
8. Styrkumsókn frá Landsbyggðin lifir.
9. Erindi frá Markaðsskrifstofu Norðurlands, ósk um endurnýjun á samstarfssamningi.
10. Ákvörðun útsvarsprósentu 2013.
11. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjun á rekstrarleyfi til handa Fuglasafni Sigurgeirs til sölu veitinga.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Hvamms dags. 19. sept.

Fundargerð stjórnar Leigufélags Hvamms dags. 19. sept.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 2. okt.

Fundargerð Brunavarnarnefndar dags. 15. okt.

Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga dags. 5. nóv.
Fundargerð stjórnar Sambands ísl. Sveitarfélaga dags. 26. okt.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 10 og 11, yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Forsendur fjárhagsáætlunar 2013.

Eftirfarandi forsendur við fjárhagsáætlanagerð ársins 2013 samþykktar.

Minnisblað.

Fjárhagsáætlun 2013.

Helstu forsendur

- 1) *Útsvar verði 14,48%.*
- 2) *Reiknað er með 4% hækkun rekstrargjalda.*
- 3) *Reiknað er með 4% hækkun launakostnaðar.*
- 4) *Gert er ráð fyrir að tekjur sveitarfélagsins hækki um 4,5%.*
- 5) *Áfram verður haldið við endurnýjun á lögnum veitnanna.*
- 6) *Fasteignaskatts gjaldstofnar eru þegar fullnýttir og með 25% álagi eins og heimilt er skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði A-skattur er 0,625%, af fasteignamati. Fasteignaskattur af opinberum byggingum B-skattur er 1,32% af fasteignamati. Fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði og annars húsnæðis sem ekki fellur undir A- eða B-skatt, C-skattur er 1,65% af fasteignamati.*
- 7) *Almennt verða gjaldskrár hækkaðar um 5% nema gjaldskrá fyrir sorp sem hækkar um 15%.*
- 8) *Sem fyrr þarf að fylgjast vel með rekstrinum, fram til þessa hefur sveitarfélagið haldið að sér höndum í lántökum en nú verður ekki hjá því komist lengur. Ekki verður gengið mikið lengra í aðhaldi í rekstrinum nema hreinlega að hætta að veita einhverja þjónustu. Þá verður ekki lengur hjá því komist að ráðast í ákveðin viðhaldsverkefni sem biða áttu þar til betur áraði.*

Fjárfestingaáætlun,

Ljósritunaryél kr. 1. millj.

Skjár kr. 500 þús.

Endurnýjun tölvusalar kr. 500 þús.

Endurnýjun hitaveitu kr. 30. millj.

Eignarsjóður óskilgreint kr. 2. millj.

Áætlun lántaka vegna hitaveitu kr. 30. millj.

3. Fjárhagsáætlun 2013, fyrri umræða.

Fjárhagsáætlunin rædd og vísað til síðari umræðu.

4. Þriggja ára fjárhagsáætlun, fyrri umræða.

Fjárhagsáætlunin rædd og vísað til síðari umræðu.

5. Fulltrúi á hluthafafund Sorpsamlags Þingeyinga 19. nóv.

Fulltrúi Skútustaðahrepps verður Dagbjört Bjarnadóttir og til vara Friðrik Jakobsson.

6. Erindi frá Byggðastofnun þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið falli frá forkaupsrétti á hlut í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.

Með tölvupósti tilkynnir Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs Byggðastofnunar að Byggðastofnun hafi borist tilboð í alla hluti sína í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga ehf. frá Atrícic Edge Consulting ehf. kt: 441295-3089, alls 1,5% hlut í félaginu að nafnvirði 159.280,- Heildarkaupverð kr. 100.000,-. Byggðastofnun hefur samþykkt tilboðið og fer fram á að hluthafar í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga falli frá forkaupsrétti sínum að hlutafénu. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir að falla frá forkaupsréttinum sínum að hlutafé í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.

7. Erindi frá nefndasviði Alþingis, ósk um umsögn um frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs (hlutverk Reykjavíkurflygvallar) 120. mál.

Með tölvupósti dags. 8. nóvember er óskað umsagnar sveitarstjórnar um frumvarpi til laga um miðstöð innanlandsflugs (hlutverk Reykjavíkurflygvallar) 120. mál. Markmið laganna er að tryggja tilvist miðstöðvar innanlandsflugs í næsta nágrenni við helstu heilbrigðis-, mennta- og stjórnsýslustofnanir landsins. Að miðstöð innanlandsflugs skuli starfrækt í Reykjavík og að flugvöllur í Reykjavík skuli gegna hlutverki varaflugvallar fyrir innanlandsflug og millilandaflug.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að markmiðið sé að treysta í sessi flugvöll í Reykjavík í ljósi verulegar þýðingar hans fyrir samgönguöryggi og stöðu og framgang innanlandsflugs. Brýnt sé að marka stefnu um framtíð flugvallar í Reykjavík og eyða þar með óvissu sem ríkt hefur um málið. Flugvöllur í Reykjavík þjónar auk þess mikilvægu hlutverki sem varaflugvöllur fyrir millilandaflug, hann er vel staðsettur með tilliti til veðurfars og annarra þátta sem snerta flug að og frá flugvellinum, og nýting hans er góð. Þá er bent á í greinargerðinni að verði innanlandsflug flutt til Keflavíkurflygvallar eins og rætt hefur verið um er enginn varaflugvöllur á þéttbýlasta svæði landsins. Reiknað er með að við þær aðstæður yrði að gera varaflugvöll á Suðurlandi vegna öryggis í flugsamgöngum milli landa og innan lands.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar framkomnu frumvarpi og því að loks skuli eytt óvissu um framtíð innanlandsflugs til og frá Reykjavík, höfuðborg allra landsmanna.

8. Styrkumsókn frá Landsbyggðin lifir.

Erindinu vísað til Félags- og menningamálanefndar.

9. Erindi frá Markaðsskrifstofu Norðurlands, ósk um endurnýjun á samstarfssamningi.

Með bréfi þakkar Ásbjörn Björgvinsson f.h. Markaðsskrifstofu Norðurlands, sveitarstjórn Skútustaðahrepps þann mikilsverða stuðning sem falinn er í samstarfssamningi þeim sem í gildi hefur verið undanafarin ár. Stuðningur sveitarfélaganna á Norðurlandi hefur verið MN afar mikilvægur og gert þeim kleift að efla enn frekar það góða samstarf sem náðst hefur um markaðssetningu og kynningu á Norðurlandi. Starfsemi MN hefur ekki aðeins jákvæð áhrif á ferðapjónustuaðila á svæðinu heldur einnig fyrir íbúa og þar með sveitarfélögin á Norðurlandi. Í bréfinu kemur fram að aðalmarkmið Markaðsskrifstofunnar og ferðapjónustunnar á Norðurlandi er að lengja dvöl ferðamanna á svæðinu, fjölga ferðamönnum sem heimsækja Norðurland og bæta nýtingu gististaða, veitingahúsa og afþreyingafyrirtækja ásamt því að fjölga heilsársstörfum í greininni og að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og óskráðum fyrirtækjum.

Þess er því góðfúslega farið á leit við sveitarstjórn Skútustaðahrepps að samstarfssamningurinn við Markaðsskrifstofuna verði endurnýjaður til ársloka 2015. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

10. Ákvörðun útsvarsprósentu 2013

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarsprósenta ársins 2013 verði 14,48%.

11. Erindi frá sýslumanni, ósk um umsögn um endurnýjun á rekstrarleyfi til handa Fuglasafni Sigurgeirs, til sölu veitinga.

Með bréfi óskar sýslumaður eftir umsögn sveitarstjórnar um endurnýjað rekstarleyfi til handa Pétri Bjarna Gíslasyni f.h. Fuglasafns Sigurgeirs, Ytri-Neslöndum , til sölu veitinga í Fuglasafninu, flokkur II.

Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Eyrún Björnsdóttir,

Friðrik K. Jakobsson.